



2. fundur aðalstjórnar Vestra starfsárið 2025-2026

Haldinn föstudaginn 16. janúar 2026, kl. 12.00 í Vallarhúsinu á Torfnesi, Ísafirði

Mætt voru: Guðfinna Hreiðarsdóttir, Guðni Guðnason, Gísli Jón Hjaltason, Heba Dís Þrastardóttir og Hlynur Reynisson. Auk voru mættir á fundinn stjórnarmenn deilda félagsins og einstaklingar sem komu að stofnun Vestra fyrir 10 árum.

Fyrir tekið:

- 1. 10 ára afmæli íþróttafélagsins Vestra.** Formaður aðalstjórnar, Guðfinna Hreiðarsdóttir, bauð gesti velkomna á fundinn sem haldinn er í tilefni af 10 ára afmæli félagsins. Formaður sagði ástæðu til að staldra við á þessum tímamótum, horfa til baka og rifja upp ástæðuna fyrir því að ákveðið var að fara í þá vegferð að sameina undir einu merki íþróttafélög sem höfðu verið í harðri samkeppni hvert við annað um peninga, iðkendur, aðstöðu ofl. Hefði þessi sambúð reynst farsæl og skilað sér í öfluglu félagi, ekki alltaf átakalaus en alltaf sterk samstaða um grunnildi Vestra. Formaður sagðist ekki mundu hafa fleiri orð um stofnun eða starfsemi félagsins þar sem Hjalti Karlsson, fyrsti formaður Vestra, myndi fara yfir þá sögu síðar á fundinum.
- 2. Útnefning heiðursfélaga.** Formaður greindi frá því að á síðasta aðalfundi hefði verið samþykkt reglugerð um veitingu heiðursviðurkenninga. Á formannafundi sem haldinn var 3. desember sl. var samþykkt tillaga þess efnis að Hjalti Karlsson yrði gerður að heiðurfélaga Vestra á 10 ára afmæli félagsins. Hjalti var fyrsti formaður félagsins og leiddi starfshóp sem undirbjó stofnun þess. Bað formaður Hjalta um að koma upp og tilkynnti honum formlega að íþróttafélagið Vestri hefði útnefnt hann heiðursfélaga og afhenti honum sérstakt heiðurskjal og verðlaunapeningi af því tilefni og færði honum jafnframt miklar þakkir fyrir ómetanlegt starf í þágu félagsins.
- 3. Stofnun félagsins og fyrstu starfárin.** Hjalti Karlsson fór yfir aðdragandann að stofnun íþróttafélagsins Vestra og sagði m.a. frá störfum sérstakrar undirbúningsnefndar sem vann ötullga að því máli. Sýndi hann stórt plakat með öllum þeim tillögum sem bárust um nafn á félagið og þótti fundarmönnum margar þeirra skrautlegar. Nefndi Hjalti nokkur praktísk mál sem stjórn félagsins þurfti að fást við í upphafi, s.s. að ákveða merki, búninga og félagsliti. Þegar Hjalti hafði lokið máli sínu var gert stutt hlé á fundinum og boðið upp súpu og kaffi á eftir.
- 4. Vestra-lagið.** Formaður sagði frá því að á formannafundi félagsins í janúar 2025 hefðu verið umræður um hvað skyldi gera í tilefni af 10 ára afmæli félagsins eftir ár. Kom þá fram tillaga um sérstakt lag fyrir Vestra og var niðurstaðan sú að fá ísfirska tónlistarmanninn Þormóð Eiríksson til að gera lag fyrir félagið. Stefnan var að það yrði tilbúið fyrir afmælið og greindi formaður frá því að það hefði tekist. Sagði formaður að auk Þormóðs hefðu Ásgeir Kristján Karlsson, Elvar Orri Palash Arnarsson og Kristján Sturla Bjarnason komið að gerð lagsins. Mun það verða aðgengilegt að streymisveitum eins og t.d. Spotify innan tíðar. Því næst var lagið, sem ber einfaldlega heitið *Vestri*, flutt fyrir fundarmenn og gesti.

5. **Önnur mál.** Gísli Jón Hjaltason, sem hefur átt sæti í aðalstjórn Vestra frá upphafi, fór yfir aðdragandann að stofnun félagsins og sagði frá því að það hefði þurft að stilla saman marga strengi til að ná því markmiði að stofna fjölgreinafélag. Hugmynd að því að ná saman íþróttafélögum hér um slóðir var ekki ný af nálinni og hafði verið reynd nokkrum árum áður og fyrirmyndir annarsstaðar af landinu voru nægar. Kostir fjölgreinafélaga voru augljósir út frá hagræðingu í stjórnskipulagi, en fleira hefði komið til. Íbúar og iðkendur ólíkra íþróttagreina finna samnefnara og samkennd í einu félagi, nafni, merki, búningum og styrkum hópi stuðningsmanna. Gísli Jón sagði einn þeirra þátta sem efla styrk Vestra, auk hagræðingar, vera sameiginleg sýn. Það væri hlutverk Vestra að skapa umhverfi sem hvetti félagsmenn til að ná markmiðum sínum og skara fram úr í leik og starfi. Stjórnendur og aðstandendur Vestra eru þess meðvitaðir að jafnhliða keppni og sigrum, þá er veigamikill þáttur í starfi íþróttafélaga nú sem endranær uppeldis- og félagshlutverki. Minnti Gísli Jón að lokum á gildi félagsins sem eru *virðing, gleði og metnaður*.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.15